

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
14. fundur
haldinn í fundarsal Fljótsdalshéraðs, 28. apríl 2008

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson, Björn Ármann Ólafsson, Skúli Björn Gunnarsson, Skarphéðinn G. Þórisson, Magnhildur Björnsdóttir og Þórhallur Þorsteinsson.

Dagskrá:

- 1. Reglugerð Vatnajökulspjóðgarðs**
- 2. Jaðarmiðstöð í Möðrudal**
- 3. Önnur mál**

Eiríkur Björn stýrði fundi og setti hann kl. 20.05. Áður en gengið var til dagskrár þá sýndi Skúli Björn myndir sem hann hafði fengið af vinningstillögu Arkís að gestastofu að Skriðuklaustri.

1. Reglugerð Vatnajökulspjóðgarðs

Farið var yfir drög að reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð lið fyrir lið þar sem frá var horfið á síðasta fundi.

Varðandi 15. gr. var samþykkt að leggja til að við svæði sem lokuð eru fyrir umferð vélknúinna ökutækja verði bætt:

„Kverkfjöll, akstur leyfilegur að sunnan að skála Jöklarannsóknarfélagsins en óheimilt að aka norðar, frá 10. júní og til 10. september, sem afmarkast af hnitum...“

Varðandi 21. gr. bendir svæðisráð á að nauðsynlegt sé að greinin taki einnig til innlendra tegunda og ekki bara úr jurtaríkinu heldar að t.d. eigi að vera óheimilt að sleppa fiski í fisklaus vötn innan þjóðgarðsins.

Varðandi 30. gr. var samþykkt að leggja til að við síðustu setningu 2. mgr. yrði bætt: „... innan þjóðgarðsins og stefnt skal að gerð deiliskipulags fyrir núverandi skálasvæði.“

Varðandi 31. gr. og 32. gr. telur svæðisráð að gera verði skýrari greinarmun á þeim. Ef að 31. gr. á ná til tímabundinnar lokunar á tilteknu svæði vegna ágangs eða átroðnings á landi eða truflunar á dýra- og fuglalífi, t.d. fellisvæðis heiðargæsar, verði að skerpa á orðalagi og að rétt sé að slíkar lokanir séu bornar undir svæðisráð.

Varðandi 32. gr. telur svæðisráð rétt að þjóðgarðsverði beri að tilkynna brot á ákvæðum laga um Vatnajökulspjóðgarðs til lögreglu.

Varðandi viðauka I bendir svæðisráð á að æskilegt sé að bæta þar inn Kverkfjöllum og Eyjabökkum vegna afmörkunar svæða þar sem sérstakar reglur gilda. Jafnframt þurfi að gæta þess sérstaklega að afmörkun svæða skv. þeim auglýsingum sem felldar verða úr gildi haldist svo sem verið hefur.

Svæðisráð leggur áherslu á að viðaukar I, II og III fari fyrir svæðisráð áður en reglugerðin verður send út til kynningar.

Undir þessum lið var einnig fjallað var um erindi frá Lex-lögmönnum um hvernig vinnuferli vegna reglugerðarinnar verði háttað á næstu vikum. Svæðisráð samþykkti að fela formanni að svara erindinu á þá leið að rétt væri að tekið yrði tillit til athugasemda svæðisráða við reglugerðardrögin áður en þau væru kynnt fyrir landeigendum og öðrum hagsmunadilum og að einnig þyrftu viðaukar að vera komnir inn.

2. Jaðarmiðstöð í Möðrudal

Farið var yfir greinargerð frá heimafólki í Möðrudal á Fjöllum um jaðarmiðstöð. Rætt var um hlutverk slíkra upplýsingastöðva og mikilvægi þess að byggja þá þjónustu upp af metnaði.

Svæðisráðið telur þessa greinargerð til fyrirmyndar og að hún sýni metnað þeirra í Möðrudal til að þjónusta vel þá sem leita sér upplýsinga um þjóðgarðinn. Svæðisráð felur formanni að leggja greinargerðina fyrir stjórn þjóðgarðsins til umfjöllunar og ákvarðanatöku varðandi fjármögnun á upplýsingastöð í Möðrudal.

3. Önnur mál

Þórhallur tók upp umræður um skálamál Ferðafélags Fljótsdalshéraðs frá síðasta fundi þar sem hann sat hann ekki og urðu nokkrar umræður um þau.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 22.20.

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björn Ármann Ólafsson

Skarphéðinn G. Þórisson

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson